

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



Reykjavík, 11. febrúar 2008.

Umsögn Alþjóðahúss um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 207, 192. mál:

Alþjóðahús styður frumvarp þetta heils hugar enda hafa hingað leitað konur sem hafa stundað vændi og jafnvel verið neyddar út í það. Það verður og að líta til þess að vændi er ein birtingarmynd kynferðisofbeldis og að um aðstöðumun er að ræða milli þess er selur vændið og þess er kaupir.

Engar forsendur eru til að líkja kaupum á vændi við hver önnur viðskipti þar sem jafnræði er með aðilum. Sá sem kaupir sér vændi veldur þeim er þjónustuna veitir bæði líkamlegu og andlegu tjóni. Sjálfsvirðing og sjálfsmýnd einstaklingsins bíður varanlegan hnekki, geðræn vandamál eru tíð meðal kvenna í vændi auk þess sem þær búa við ýmiss konar líkamlega vanheilsu. Reynsla þeirra sem leitast við að aðstoða einstaklinga í vændi, s.s. Stígamóta á Íslandi og Reden í Kaupmannahöfn og systurstofnana þess um Evrópu, sýnir að þeir sem stunda vændi gera það út úr neyð og er þeim í raun nær ókleift að losna út úr vændinu þó vilji standi til þess. Meirihluti einstaklinga í vændi eru og undir stjórn glæpamanna, sem líta á þá sem verslunarvöru. Með því að kaupa vændi er kaupandinn að styðja við bakið á ólöglegri verslun með fólk. Að mati Alþjóðahúss verður aldrei stemmt stigu við því alvarlega og alþjóðlega vandamáli sem mansal er, nema með því að ráðast gegn vændi í leiðinni, viðurkenna eðli þess og orsakir og hafna misnotkun á þeim sem leiðst hafa í vændi sökum erfiðra aðstæðna. Því styður Alþjóðahús heilshugar að fylgt verði fordæmi Svía, að vændi verði viðurkennt sem kynferðisofbeldi og að þeim sem kaupir sér vændi verði refsað á sama hátt og öðrum kynferðisbrotamönnum.

f.h. Alþjóðahúss

Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 12. febrúar 2008

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar dags. 29. janúar sl., frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 207 - 192. mál, kaup á vændi.

Ákærendafélag Íslands telur umrædda breytingu á 206. gr. almennra hegningarlaga í því skyni að lýsa refsiverð kaup á vændi, vera refsipólitískt viðfangsefni. Mat á því hversu vel eða illa hefur tekist til með lögtöku sambærilegra úrræða í nágrannalöndunum veltur að nokkru á hver þau markmið voru sem að var stefnt. Val á markmiðum löggjafar hljóta að taka mið af pólitískri stefnumörkun.

Ákærendafélagið telur það ekki sitt hlutverk að taka afstöðu til framangreindra sjónarmiða og hefur því ákveðið að taka ekki beina afstöðu til frumvarpsins, en vill taka fram að ekki er andstaða við lögtöku þess.

F.h. Ákærendafélags Íslands



Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Póstfang:

Ákærendafélag Íslands
Helgi Magnús Gunnarsson
Snorrabraut 83
105 Reykjavík

Sími:

896 4185

Netfang:

hmg@rls.is

Kennitala:

701107-0550

**Umsögn Femínistafélags Íslands um frumvarp til breytinga á ákvæði
206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940**

135. löggjafarþing 2007–2008. - Þskj. 207 — 192. mál.

Femínistafélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp um breytingu á ákvæði 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 sem lagt hefur verið fram.

Í frumvarpinu er lagt til að kaup á vændi verði gerð refsiverð og tekur Femínistafélagið heilshugar undir þá tillögu. Á síðasta ári voru gerðar þær breytingar á lögum að sala á vændi er ekki lengur refsiverð svo framarlega sem þriðji aðili miðli ekki sölu. Leiða má að því líkur að þær breytingar sem gerðar voru á refsilöggjöfinni á síðasta ári hafi verið leið til þess að taka á vændi sem félagslegu vandamáli, þ.e. að ekki skyldi taka á málum aðila í vændi með refsingum heldur með félagslegum úrræðum. Félagslegu úrræðin virðast þó ekki hafa fylgt í kjölfar lagabreytingarinnar.

Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu er sú leið sem farin hefur verið í Svíþjóð og kallast í daglegu tali „sænska leiðin“. Leiðin byggir á þeirri nálgun að óásættanlegt sé að líta á mannlíkamann sem söluvöru og að valdaójafnvægi sé milli kaupanda vændis og seljanda. Valdaójafnvægið felst í því að í krafti peninganna hafi kaupandinn eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki og hafi þannig frelsi til að ráða gjörðum sínum. Á hinn bóginn hafi seljandi ekki sama val enda vændi oftast stundað af neyð.

Í skýrslu Dómsmálaráðuneytisins frá árinu 2001 kom einmitt fram að vændi væri oftast til komið vegna neyðar og því ekki sjálfvalið. Þar kemur fram að vændi á Íslandi felist í nauðarvændi meðal unglinga, skipulögðu vændi með fullorðinna einstaklinga, skipulögðu vændi þar sem þriðji aðili miðlar málum, vændi í tengslum við nektardansstaði og einnig þekkjast dæmi um barnavændi. Bæði erlendar og íslenskar rannsóknir sýna að einstaklingar sem stunda vændi séu líklegri en aðrir til að hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi, eigi við fíkniefnavanda að stríða eða hafi annan hátt alist upp við slæmar aðstæður. Því er erfitt að sjá að valið sé raunverulega í höndum þeirra aðila sem stunda vændið um að gera það eður ei.

Lög eru fyrst og fremst skilaboð til samfélagsins um hvað telst rangt og hvað ekki. Á meðan veruleiki vændis er jafn hrikalegur og margar rannsóknir benda til er eðlilegt að tekin

sé afstaða gegn því að aðgangur að líkómum fólks gangi kaupum og sölum. Femínistafélagið telur þá leið sem lögð er til í þessu frumvarpi vera vel til þess fallna.

Oft er því varpað fram að með banni á kaupum á vændi myndi allt vændi færast „neðanjarðar“ og því verði enn erfiðara að hafa eftirlit með því en áður. Þó skal bent á að samkvæmt núverandi löggjöf eru auglýsingar á vændi og öll milliganga þriðja aðila bönnuð og ætti því að hafa sömu áhrif, þ.e. að vændið haldist undir yfirborðinu. Margir óttuðust að götuvændi myndi aukast með þessum breytingum en svo hefur ekki verið og því mætti telja að lítið myndi breytast ef kaup á vændi yrðu gerð refsiverð. Einnig má nefna að í löndum líkt og Hollandi og Þýskalandi þar sem vændi hefur verið löglegt er enn stór hluti starfseminnar neðanjarðar. Er þar ekki síst um að ræða erlendar vændiskonur sem fluttar hafa verið til landanna í því skyni.

Mansal er vandamál sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag. Um er að ræða þrælahald og áætla Sameinuðu þjóðirnar að um 4 milljónir manna séu seldar mansali milli svæða og ríkja á ári hverju, stærstur hluti þeirra eru konur og börn sem oftast en ekki enda í kynlífsiðnaðinum. Grunnforsenda þess að kynlífsiðnaðurinn þrífist er eftirspurn sem í langflestum tilvikum er eftirspurn karla eftir aðgangi að kvenlíkómum. Ekki er hægt að útrýma vændi með löggjöf en með lögum sem banna kaup á vændi myndi eftirspurn minnka og væri það til góðs fyrir samfélagið í heild sinni. Löggjöf Dana sem er sú sama og okkar Íslendinga var ætlað að stuðla að félagslegum úrræðum vændiskonum til handa en hafði aftur á móti þau áhrif að mikil fjölgun hefur orðið á erlendum vændiskonum. Það er erfitt viðfangs að ætla að greina hverjar þeirra hafa komið sjálfviljugar og hverjar hafa verið seldar mansali og því er baráttan gegn mansali vandlega samofin baráttunni gegn vændi. Engin ástæða er til að ætla að önnur lögmál um skipulagða glæpastarfsemi og mansal gildi um Ísland og því um raunverulegt vandamál að ræða sem gæti orðið stærra á komandi árum ef ekkert er að gert.

Það er til mikils að vinna ef löggjöf stuðlar að því að minnka eftirspurn eftir vændi. Femínistafélagið telur mannlíkamann ekki vera söluvöru og lýsir með þeim orðum yfir stuðningi sínum við fyrirbyggjandi frumvarp.


Fyrir hönd Femínistafélags Íslands,
Auður Alfifa Ketilsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 135/1462
komudagur 18.2.2008

Kvennakirkjan

Laugavegi 59 101 Reykjavík

sími 551 3934



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Óskað hefur verið eftir umsögn okkar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Það er þskj. 207 - 192. mál á 135 löggjafarþingi 2007 - 2008.

Við erum breytingunum samþykkar.

15. febrúar 2008

Stýrihópur Kvennakirkjunnar



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/1372
komudagur 12.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. febrúar 2008.

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 207, 192. mál:

Kvenréttindafélag Íslands styður frumvarp þetta heils hugar enda verður að líta til þess að vændi er ein birtingarmynd kynferðisofbeldis og að um aðstöðumun er að ræða milli þess er selur vændið og þess er kaupir. Engar forsendur eru fyrir að líkja kaupum á vændi við hver önnur viðskipti þar sem jafnræði er með aðilum. Mannslíkaminn er aukinheldur ekki söluvara!

Sá sem kaupir sér vændi veldur þeim er þjónustuna veitir bæði líkamlegu og andlegu tjóni. Enginn getur haft mök við fjölda mismunandi aðila daglega án þess að bera skaða af. Sjálfsvirðing og sjálfsmynd einstaklingsins bíður varanlegan hnekki, geðræn vandamál eru tíð meðal kvenna í vændi auk þess sem þær búa við ýmiss konar líkamlega vanheilsu. Reynsla þeirra sem leitast við að aðstoða einstaklinga í vændi, s.s. Stígamóta á Íslandi og Reden í Kaupmannahöfn og systurstofnana þess um Evrópu, sýnir að þeir sem stunda vændi gera það af neyð og er þeim í raun nær ókleift að losna út úr vændinu þótt vilji standi til þess. Meirihluti einstaklinga í vændi eru og undir stjórn glæpamanna, sem líta á líkama þeirra er stunda vændi sem verslunaryöru. Með því að kaupa vændi er kaupandinn að styðja við bakið á ólöglegri verslun með fólk. Því styður Kvenréttindafélag Íslands heilshugað að fylgt verði fordæmi Svía, að vændi verði viðurkennt sem kynferðisofbeldi og að þeim sem kaupa sér vændi verði refsað á sama hátt og öðrum kynferðisbrotamönnum.

Virðingafyllst,
f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir,
framkvæmdastjóri



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. P 135/1464
komudagur 18.2.2008

Reykjavík, 14. febrúar 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM BREYTING Á ALMENNUM
HEGNINGARLÖGUM, NR. 19 12. FEBRÚAR 1940, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM
135. LÖGGJAFARÞING 2007– 2008, PSKJ. 207 — 192. MÁL.**

Frumvarpið leggur til að kaup á vændi verði refsiverð.

Mannréttindaskrifstofan fagnar fyrirbyggjandi frumvarpi og vonar að það nái fram að ganga.

Mannréttindaskrifstofan hefur á undanförmum árum lagt síaukna áherslu á baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, einkum í tengslum við alþjóðlegt *16 daga átak gegn ofbeldi gegn konum*. Vændi er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis og Mannréttindaskrifstofan tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi enda fylgir henni ofbeldi sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir seljandann og samfélagið í heild sinni. Rannsókn Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttir ofl. frá 2003 varpar ljósi á bágar aðstæður fólks sem stundað hefur vændi á Íslandi og það hvemig það glímir við líkamlegar og andlegar afleiðingar misnotkunarinnar alla ævi.¹ Ábyrgð á vændi á að sjálfsgöðu að hvíla á herðum kaupanda en ekki seljanda enda er aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill þar sem seljandi stundar í langflestum tilvikum vændi í mikilli neyð en kaupandi hefur ávallt val.²

Bann við kaupum á vændi hefur þau réttarpólitísku áhrif að send eru út skilaboð í samfélagið að það að kaupa sér aðgang að líkama fólks - kvenna í flestum tilvikum - sé litið alvarlegum augum og það sé ekki ásættanlegt á Íslandi að nýta sér neyð annarra í kynferðislegum tilgangi. Með því að gera kaup á vændi refsiverð er lögð áhersla á að berjast gegn eftirspurninni en ekki seljandanum en einnig eru dregin skýr siðferðileg mörk sem mögulegir kaupendur veigra sér við að fara yfir. Loks miðar frumvarpið að því að kaup á vændi séu viðurkennd sem kynferðisofbeldi og því refsað fyrir þau eins og önnur kynferðisbrot.

Enn eru áhrif sænsku laganna umdeild en rannsókn sem sænska félagsmálaráðuneytið lét gera árið 2007 segir jákvæðar afleiðingar laganna vera þær að götuvændi hefur minnkað, löggjöfin hefur fyrirbyggjandi áhrif þannig að ungar stúlkur leiðast síður út í vændi og talið er að hún geri það að verkum að glæpamenn leiti frekar á önnur mið til að stunda mansal. Þá hefur bann við kaupum á vændi haft viðhorfsbreytingu í för með sér þannig að kaupendur eru síður á ferðinni að leita sér að vændi. Sænski ríkislögreglustjórinn telur lögin mikilvægt tæki í baráttu gegn vændi og segir þau líkast til hafa forðað Svíþjóð frá ástandi eins og ríkir í Noregi þar sem götuvændi hefur aukist hratt frá 2004 og

¹ Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir: Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess, Áfangaskýrsla, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík 2003, http://www.lydheilsustod.is/media/afengi/rannsoknir/Vaendi_a_islandi.pdf

² Í Malmö í Svíþjóð er t.d. er talið að 90 % þeirra sem stunda vændi séu heróínsjúklingar, *Sexhandeln har minskat*, Apropå; Brottsförebyggande rådets tidskrift, 1/2002: http://www.bra.se/extra/pod/?module_instance=12&action=pod_show&id=243



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

hundrað kvenna eru nú flutt til landsins, aðallega frá Nígeríu, á ári hverju.³ Þá telja lögregla og félagsmálayfirvöld að umfang vændis almennt hafi minnkað í kjölfar laganna.⁴

Andstæðingar sænsku leiðarinnar á Íslandi hafa haldið því fram að með með henni færist vændi „neðanjarðar“. Staðreyndin er sú að á Íslandi er allt vændi þegar „neðanjarðar“. Þá hefur því verið haldið á lofti af anstæðingum sænsku leiðarinnar að kaupendur vændis séu oft í jafn slæmri félagslegri stöðu og seljendum. Rannsóknir sýna að þessi staðhæfing er úr lausu lofti gripin þar sem kaupendur vændis koma úr öllum samfélagshópum á meðan erlendar rannsóknir gefa til kynna að 50-90% einstaklinga í vændi hafa lent í kynferðisofbeldi í æsku, þeir eru líklegri til að hafa verið í vímuefnaneyslu, hafa hlaupist ungir að heiman og að hafa skort eftirlit og umsjón foreldra. Sérfræðingar sjá þetta mynstur í lífi þeirra einstaklinga sem leita aðstoðar heilbrigðis- og félagsþjónustu á Íslandi.⁵ Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram að bann við kaupum á vændi styðji ekki endilega baráttuna gegn mansali því vandamálið geti færst frá einu landi til annars. Mannréttindaskrifstofa Íslands fellst ekki á að þetta séu rök gegn innlendra löggjöf gegn vændi. Þó mansal verði ekki upprætt á heimsvísu nema með samstilltu átaki þjóða þá ber okkur fyrst og fremst skylda til að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að það teygi anga sína til Íslands.

Í tengslum við mansal vill Mannréttindaskrifstofan vekja athygli á umsögn sinni um 184. mál. Skrifstofan fagnar því að lagt er til að fylgt verði skilgreiningu Evrópusamningsins á mansali með nákvæmari hætti en nú er gert en vekur athygli á að í skilgreiningu Evrópusamningsins er sérstaklega kveðið á um að það teljist til mansals, við ákveðnar aðstæður, að misnota manneskju til vændis. Í 224 gr. norsku hegningarlagana segir: Den som ved vold, trusler, misbruk av sårbar situasjon eller annen utilbørlig atferd utnytter en person til a) **prostitusjon eller andre seksuelle formål**. Í sænsku lögunum vísar ákvæði 4. kafli 1a).1. til kynferðisbrota en einnig er talað um „utnyttjas för **tilfälliga sexuella förbindelser eller på annat sätt utnyttjas för sexuella ändamål**“. Í dönskum hegningarlögum, gr. 262a er talað um „kønslig usædelighed“. Mannréttindaskrifstofan telur æskilegt að í íslenska ákvæðinu verði talin upp kynferðisbrot og vændi sérstaklega auk annarrar kynferðislegrar misnotkunar, í samræmi við Evrópusamninginn og löggjöf nágrannalanda okkar.

Mannréttindaskrifstofan áréttar að lagabreytingar einar og sér nægja ekki til að útrýma því samfélagsmeini sem vændi er og því er nauðsynlegt að tryggja viðeigandi félagsleg úrræði fyrir seljendur. Mannréttindaskrifstofan leggur áherslu á að nálgast þurfi viðfangsefnið út frá kynjasjónarmiðum, á heildstæðan hátt, í samráði við þá aðila sem best þekkja til – fagaðila og félagasamtök. Mannréttindaskrifstofan leggur áherslu á að félagsleg úrræði og sérhæfð þjónusta fyrir fólk sem leiðst hefur út í vændi verði styrkt samhliða fyrirhuguðum lagabreytingum.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

³Kännedom om prostitution 2007, Socialstyrelsen
http://www.socialstyrelsen.se/NR/rdonlyres/2549E8A3-2766-452B-9118-C51335AA779B/9430/200713148_rev.pdf, bls. 44.

⁴Sexhandeln har minskat, 2002.

⁵Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir: Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess, Áfangaskýrsla, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík 2003,
http://www.lydheilsustod.is/media/afengi/rannsoknir/Vaendi_a_islandi.pdf

Alþingi
Erindi nr. P 135/1466
komudagur 18. 7. 2008



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsögn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum vegna frumvarps til laga um að gera kaup á vændi refsiverð (pskj. 207 – 192. mál).

Vændi á Íslandi finnst í nokkrum myndum eins og víðast hvar annars staðar í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Í skýrslu Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur, Hólmfriðar Lydiu Ellertsdóttur og Ingu Dóru Sigfúsdóttur um vændi á Íslandi sem gerð var að beiðni dómsmálaráðherra árið 2001 var vændi sett í nokkra flokka. Í fyrsta lagi skilgreindu þær nauðarvændi meðal unglunga sem eru í vímuefnaneyslu í þeim tilgangi að afla sér lífsviðurværis svo sem húsaskjól, mat, vímuefni, peninga og/eða annað. Um er að ræða bæði stelpur og stráka frá 13 til 18 ára sem leiðast út í vændi til að fjármagna vímuefnaneyslu. Í öðru lagi fyrirfinnst skipulagt vændi meðal fullorðinna einstaklinga þar sem vændið er skipulagðara og hópur kaupenda afmarkaðri þó svo að tilviljanakennt götuvændi og/eða vændi á börum/skemmtistöðum finnst vissulega meðal fullorðins fólks en þar kemur oft til sögunnar meiri vímuefnaneysla og ofbeldi. Markvissar aðferðir eru notaðar til að nálgast viðskiptavinum í gegnum dagblöð, á símalínum, á netinu ásamt því að reyna að nálgast væntanlega kaupendur í gegnum nektardansstaði. Í þriðja lagi skilgreina þær “skipulagt vændi” þar sem átt er við að þriðji aðili skipuleggi vændi annars aðila og hafi milligöngu um það. Vændissölum skipta þær í fjóra flokka; vændissalar sem selja “kærustur” sínar, vændissalar sem eru í kynlífssambandi við þann sem þeir selja, aðilar sem selja fleiri en einn einstakling t.a.m. á vændishúsum eða íbúðum og að lokum vændissalar sem starfa í tengslum við nektardansstaði. Þær tala um að sjaldnast sé um samband að ræða sem er á jafnréttisgrundvelli því oft hafi vændissalinn bein yfirráð yfir þeim einstaklingum sem hann seldur. Í fjórða lagi er að finna skipulagt vændi á nektardansstöðum svo og óskipulagt vændi af hálfu einstakra nektardansara og/eða að vændiskonur reyni að nálgast mögulega kaupendur fyrir utan staðina. Í fimmta og síðasta lagi benda niðurstöður þeirra til þess að barnavændi fyrirfinnist á Íslandi.

Ljóst er af rannsókn þeirra og erlendra rannsókna að einstaklingar í vændi eru líklegri en aðrir til að hafa lent í kynferðislegu ofbeldi, verið í vímuefnaneyslu og/eða glími við lága sjálfsmynd vegna slæmra uppeldisskilyrða eða annarra þátta. Ýmsir hafa snúið þessu við á þá vegu að spyrja hvaða einstaklingar það séu sem líta á vændi sem val og að það séu nánast eingöngu þau sem hafa brotna sjálfsmynd af einhverjum ástæðum. Þá hefur fólk átt afar erfitt með að hætta að stunda vændi og oft tekur afar langan tíma fyrir fólk að vinna úr afleiðingum þess.

Lítið annað er vitað um vændi á Íslandi enda er vændi vel falið á Íslandi, m.ö.o. “neðanjarðar” eins og víðast hvar annars staðar í nágrennalöndunum. Ekki er vitað hversu útbreitt vændi er á Íslandi, ekki er vitað hve margir einstaklingar stundi vændi á Íslandi, ekki er vitað hvar vændi er að finna, hvernig það er skipulagt, hve margar konur eru fluttar inn til landsins í þeim tilgangi að stunda vændi, hve margir kaupa vændi o.s.frv. Sömu sögu er að segja frá nágrennalöndunum hvort sem leitað er til Danmerkur, Svíþjóðar, Hollands eða t.a.m. Þýskalands þó vændi hafi verið rannsakað meira í þessum löndum. Vændisiðnaður þessara landa og annarra er að stórum hluta “neðanjarðar”. Rannsóknir frá Hollandi hafa enn fremur leitt í ljós að eftir lögleiðingu vændis sem starfsgreinar hafi ákveðin hluti vændisiðnaðarins



HASKÓLI ISLANDS

færst “neðanjarðar”. Þetta á sérstaklega við jaðarhópa eins og t.d. konur sem hafa verið fluttar inn ólöglega til að stunda vændi, fólk sem stundar vændi til að fjármagna eiturlyfjaneyslu o.fl.

Kaupendur vændis hafa lítið verið rannsakaðir í gegnum tíðina en þó má finna fáeinar rannsóknir sem hafa verið gerðar erlendis og eina á Íslandi frá árinu 1992 en þar kom í ljós að 7,3% íslenskra karlmannna höfðu keypt vændi einu sinni eða oftar. Allar rannsóknir benda til þess að kaupendur vændis eru venjulegir karlar, komi úr öllum stéttum, öllum aldurshópum, hafa margs konar félagslegan bakgrunn og eru kvæntir jafnt sem ókvæntir.

Ljóst er að aðstöðumunur á milli kaupanda og seljanda er töluverður og val aðila um kaup eða sölu á vændi er annars konar. Á meðan kaupandi vændis hefur val um hvort hann kaupir vændi eða ekki hefur seljandi vændis sjaldnast sama val þar sem oft er vændi stundað vegna neyðar.

Rannsóknir á Norðurlöndunum hafa leitt í ljós að mikil fjölgun hefur orðið á erlendum vændiskonum. Sumar hafa ferðast frjálssar til þess að stunda vændi í þessum löndum á meðan aðrar hafa verið fluttar nauðugar. Það virðist vera svo að ekki séu nógu margar konur á Norðurlöndunum tilbúnar að stunda vændi sem svarar þeirri eftirspurn sem er til staðar. Lítið er vitað um mansal til Íslands, aðeins eitt mál verið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum en þó talið að um talsvert fleiri mál sé að ræða.

Að öllu þessu þarf að huga og má leiða líkur að því að ef kaup verða gerð refsiverð þá muni umfang vændis og mansals ekki verða eins mikið. Vændi verður ekki útrýmt með löggjöf en ef eftirspurn minnkar munu ekki eins margar leiðast út í vændi. Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að stærsti hluti eftirspurnar eftir vændi séu karlmenn sem “prófi” í fáein skipti en hætti svo að kaupa vændi. Stórnotendur vændis séu tiltölulega fáir og því lítill hluti eftirspurnarinnar eftir vændi. Ef kaup á vændi verða gerð refsiverð má fastlega búast við því að umtalsvert færri “prófi” að kaupa vændi og þar af leiðandi myndi eftirspurnin minnka umtalsvert.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. P 135/1495
komudagur 20.2.2008

Reykjavík 15. febrúar 2008

Tilvísun: 2008010460


50.03

Tilvísun yðar: þskj. 207 - 192. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Hjálagt fylgir umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 192. mál, kaup á vændi.

F.h. RLS


Thelma Cl. Þórðardóttir,
löglærður fulltrúi

Umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 192. mál, kaup á vændi


Ríkislögreglustjórinn hefur haft til umsagnar að beiðni allsherjarnefndar Alþingis frumvarp til laga um almenn hegningarlög, kaup á vændi. Umsögnin fer hér á eftir.

I.

Almennt um frumvarpið

Frumvarp sambærilegs efnis og hér er lagt fram hefur, sbr. greinargerð með frumvarpi þessu, nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi en aldrei náð fram að ganga. Ríkislögreglustjóri vísar til fyrri umsagnar embættisins, umsögn ríkislögreglustjóra um þskj. 38.- mál, löggjafarþing 2003-2004, hvað varðar þann þátt frumvarpsins að gera kaup á vændi refsivert, þ.e. "sænsku leiðina".

Ólík sjónarmið eru um hvaða leiðir séu vænlegastar til að taka á þeim samfélagslega vanda sem vændi vissulega er. Umdeilanlegt er hvernig "sænska leiðin", sem lögð er til í frumvarpinu, hefur reynst þar í landi og að ekki er víst að aðferðir þær sem henti til að taka á þessum vanda í öðrum löndum henti hér á landi. Er það álit ríkislögreglustjóra að ekki sé ljóst hvort að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu sé sú rétta til að taka á vandanum.



Sigríður Björk Guðjónsdóttir / Thelma Cl. Þórðardóttir

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 135/1510
komudagur 21.2.2008

RB

Reykjavík, 19. febrúar 2008

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis dags. 29. janúar sl., frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 192. mál, kaup á vændi.

Í frumvarpi til laga nr. 61/2007 fjallar höfundur þess, Ragnheiður Bragadóttir prófessor við lagdeild Háskóla Íslands, ítarlega um vændi. Í umfjöllun um kaup á vændi dregur hún fram helstu kosti og galla við að leggja refsingu við kaupum á vændi. Hún segir ýmis sannfærandi rök hafa verið færð fram bæði með og á móti því að lögfesta refsíákvæði um vændiskaup en telur að lagabreytingar verði að taka mið af þjófslagsviðhorfum og aðstæðum hverju sinni. Telur hún nauðsynlegt að frekari rannsóknir fari fram á vændi á Íslandi, umfangi þess og eðli og hvernig best sé að taka á því, áður en lagðar séu fram lagabreytingar í ætt við þá sem gerð er í Svíþjóð, þar sem kaup á vændi eru refsiverð.

Á Norðurlöndunum hefur verið kannað hvort fara eigi að dæmi Svía. Í desember 2004 ákvað norska ríkisstjórnin að taka ekki upp sænsku leiðina. Ákvörðun var tekin á grundvelli skýrslu sem unnin var af vinnuhópi sem kannaði lagareglur um kaup á kynlífsþjónustu í Svíþjóð og Hollandi en vinnuhópur sá bar saman tvær gjörólíkar leiðir í tengslum við vændiskaup.

Í Danmörku eru ekki uppi áform um að taka upp sænsku leiðina en áhersla lögð á félagsleg úrræði.

Þó svo að búið sé að lögfesta úrræðið í Finnlandi og leggja fram stjórnarfrumvarp í Noregi er það eitt ekki rök fyrir því að festa slíkt ákvæði í íslensk lög án þess að viðtækari rannsókn fari fram eins og Ragnheiður Bragadóttir leggur til. Þá væri eðlilegt að refsiréttarnefnd fjallaði um slíka lagabreytingu.

Embætti ríkissaksóknara telur því ekki unnt að sinni að styðja frumvarpið.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229

Alþingi
Erindi nr. P 135/1463
komudagur 18.2.2008

Prestur innflytjenda



v/Neskirkju, Hagatorgi, 107 Reykjavík
sími: 869 6526 netfang:toshiki@toma.is

**Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á almennum hegningarlögum, nr.19/ 1940,
með síðari breytingum**

Heiðarlegir allsherjanefndarmenn Alþingis,

Ég undirritaður vil veita eftirfarandi umsögn varðandi ofangreint lagafrumvarp.

Ég fagna þessari breytingatillögu og innilega óska þess að tillagan verði lög án tafar.
En mér sýnist að nánari skilgreining um hugtak vændis sé nauðsynleg.

Engin frekari athugasemd að sinni.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 15. febrúar 2008

Toshiki Toma, prestur þjóðkirkjunnar í sérþjónustu við innflytjendur
v/ Neskirkju, Hagatorgi 107 Reykjavík





Alþingi
Erindi nr. P 135/1483
komu Erindi nr. P. 2008

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Reykjavík, 14. febrúar 2008
Tilvísun: UB 0802/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, mál nr. 192.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 4. febrúar 2008, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Undirrituð styður framkomið frumvarp og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1465
komudagur 18.2.2008
15. febrúar 2008

**Umsögn landsnefndar UNIFEM á Íslandi
um frumvarp til breytinga á ákvæði 206. gr.
almennra hegningarlaga nr. 19, 1940**

**135. löggjafarþing 2007–2008.
Þskj. 207 — 192. mál.**

Af hálfu landsnefndar UNIFEM eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við frumvarp um breytingu á ákvæði 206. gr. almennra hegningarlaga nr 19, 1940 sem lagt hefur verið fram.

Af orðalagi ákvæðisins, sem og greinargerð með frumvarpinu, má ráða að lögð er til sú efnisbreyting að refsíabyrgð við kaup og sölu á vændi sé á þeim sem kaupir vændi. Sú leið er í daglegu tali nefnd sænska leiðin og vísar til þeirrar löggjafar sem gildir í Svíþjóð um vændi.

Landsnefnd UNIFEM tekur heilshugar undir frumvarpið og þau sjónarmið sem þar búa að baki. Samkvæmt núgildandi ákvæði, sem breytt var við síðustu endurskoðun á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga með lögum nr. 61 frá árinu 2007, var gerð sú breyting á vændisákvæðinu að horfið var frá því að leggja refsíabyrgð á seljanda vændis. Verður að telja að sú lagabreyting hafi tvímælalaust verið til mikilla bóta. Það var enda svo að Ísland var eina Norðurlandið þar sem refsíákvæði um vændi var með þeim hætti að leggja eingöngu refsíabyrgð á þann aðila sem seldi vændi.

Núgildandi ákvæði felur hins vegar í sér að kaup og sala á vændi sé refsilaust með öllu en milliganga um vændi sé hins vegar refsiverð. Hafa þau rök m.a. heyrst að vændi sé félagslegt vandamál og því eigi ekki að taka á því með refsilöggjöf heldur félagslegum úrræðum. Ekki verður þó séð að sérstök félagsleg úrræði hafi fylgt þeirri lagabreytingu.

Mjög hefur verið deilt um það með hvaða hætti eigi að taka á vændi í lagalegu og félagslegu tilliti og sú umræða hefur farið fram hér á landi eins og annars staðar. Það er jafnvel umdeilt hvernig skilgreina eigi vændi og hvað

UNIFEM á Íslandi

Miðstöð Sameinuðu þjóðanna

Laugavegur 42, 101 Reykjavík

Iceland

Sími: +354 552 6200

Fax: +354 552 6010

netfang: unifem@unifem.is

vefur: www.unifem.is

felst í vændi. Jafnframt hefur það verið umdeilt hver sé félagsleg staða þeirra sem selja líkama sinn, hvort að hægt sé að tala um frjálst val í þeim efnum eða ekki.

Samhliða því sem að landsnefndin áréttar stuðning sinn við fyrirbyggjandi frumvarp telur hún rétt að halda til haga nokkrum ókostum nógildandi lagaákvæðis. Ber það að nefna að með nógildandi ákvæði er algerlega lítið framhjá ábyrgð þess sem kaupir kynlífið.

Ein helstu rökin gegn því að banna kaup á vændi hafa verið þau að með því færast þessi starfsemi „neðanjarðar“ og erfiðara verði að eiga við hana, og geti jafnvel leitt til verri stöðu vændiskvenna. Á það skal hins vegar bent að í nógildandi löggjöf er lagt bann við því að auglýsa þessa starfsemi, lagt bann við útleigu húsnæðis undir vændi, lagt bann við auglýsingum, sem að sönnu ættu að hafa sömu áhrif, þ.e. að gera vændi ósýnilegt. Einnig má benda á þá staðreynd að nú er aðeins milliganga ólögleg en niðurstaðan hefur þrátt fyrir það, ekki orðið sú að hér sé sýnilegt götuvændi, sem margir óttuðust að yrði reyndin. Af þessu má ráða að á Íslandi er þessi starfsemi lítt sýnileg og að svo verði áfram og að ákvæði um bann við kaupum á vændi myndi litlu breyta í þeim efnum.

Með bannákvæðum verður vændið vitaskuld aldrei mjög sýnilegt, hvort sem ábyrgðin er lögð á herðar kaupanda og seljanda. Vændi hefur hins vegar aldrei verið sérstaklega sýnilegt hér á landi.

Í evrópskri löggjöf eru tvær meginleiðir um vændi, annars vegar svokölluð sænsk leið og hins vegar hollenska leiðin. Í Svíþjóð eru kaup á vændi refsiverð að lögum en sala er ekki. Sú nálgun byggir á þeirri hugmyndafræði að það sé ákveðið valdaójafnvægi milli kaupanda og seljanda og að sá aðili sem hefur fullkomið frelsi til að ráða gjörðum sínum í þessum efnum sé kaupandinn. Því sé ekki til að dreifa með seljendum, að minnsta kosti ekki í flestum tilvikum. Því var farin sú leið að reyna að draga úr eftirspurn eftir vændi með því að banna kaup á því í refsilagaákvæði, en að sama skapi var talið rétt að leysa vanda vændiskvenna með félagslegum úrræðum. Í sænsku leiðinni er því að einhverju leyti viðurkennt að vændi eigi ekki heima í hegningarlögum, að minnsta kosti ekki ákveðnir þættir þess.

Danir hafa afnumið ákvæði hegningarlaga sem gerði sölu vændis refsiverða. Tekið var fram að með þessu væri ekki verið að lögleiða vændi

UNIFEM á Íslandi

Miðstöð Sameinuðu þjóðanna

Laugavegur 42, 101 Reykjavík

Íceland

Sími: +354 552 6200

Fax: +354 552 6010

netfang: unifem@unifem.is

vefur: www.unifem.is

heldur verið að beina sjónum að því að aðstoða það ólánsfólk sem neyðist til vændis í stað þess að taka á móti þeim með refsivöndinn á lofti. Þar í landi er miðlun vændis hins vegar refsiverð, sem gerir að verkum að það er ólöglegt að stunda skipulagða starfsemi í kringum vændi. Þetta er jafnframt hin íslenska leið með nýlegum breytingum á vændisákvæðinu árið 2007.

Hingað til lands kom árið 2006 Dorit Otzen, dönsk baráttukona gegn vændi, sem segir að breytingar á dönsku löggjöfinni hafi ekki reynst vel að því leyti að vændi hafi aukist til mikilla muna. „Við sáum ekki fyrir að þúsundir fátækra kvenna myndu fara í vændi í löndum okkar. Með því að loka augunum samþykktum við kynferðislegt þrælahald í þessum löndum.“^{1[3]} Að hennar sögn eru vændiskonurnar yfirleitt erlendar, oftast afrískar. Norrænar konur sem hafa aðra menntun og búa við allt aðrar aðstæður fara síður í vændi.^{2[4]}

Flest Norðurlönd eiga það sammerkt að kaup og sala á vændi eru refsilaus. Öll löndin gera hins vegar aðkomu milligöngumanns (dólgsins) refsiverða, það er þátt þriðja aðila í vændi. Með því birtist sú afstaða löggjafans að vændi sé atvinnugrein sem ekki er talin æskileg, raunar svo óæskileg að lagt er bann við því að stunda þá starfsemi með skipulögðum hætti. Hugmyndafræðin að baki lögunum virðist því ekki sú að vændi eigi að fá að þrífast, eða að um eðlilega atvinnugrein sé að ræða sem að óþarfi er að fjalla um í refsilögum. Afnáam Dana á refsilagaákvæðinu virðist byggja á þeirri nálgun að vændiskonum eigi að hjálpa út úr atvinnugreininni og bann við sölu á vændi vinni gegn þeirri hugmyndafræði. Reyndin virðist því miður hafa orðið sú að erlendum vændiskonum hefur fjölgað til mikilla muna í Danmörku.

Norðmenn og Finnar hafa víkkað gildissvið hegningarlaga þar í landi þannig að þau taka einnig til brota sem framin eru erlendis. Með því er reynt að sporna gegn svokölluðum sex tourism. Í Finnlandi og Svíþjóð gilda reglur í hernum sem banna hermönnum að kaupa vændiskonur þar sem þeir eru staddir á vegum hersins.

Hin meginleiðin er svo hollenska leiðin svokallaða en þar er vændi beinlínis löglegt og vændiskonur greiða t.d. skatta og opinber gjöld eins og hverjir aðrir launþegar. Vændi er áberandi í samfélaginu og löggjöfin vart til

^{1[3]} Fréttablaðið. 6. desember 2006. Bls. 16.

^{2[4]} Fréttablaðið. 6. desember 2006. Bls. 16.

Þess fallin að draga úr þessari starfsemi. Réttarstaða vændiskvenna er góð þar í landi en önnur spurning er þá hver hin félagslega staða kvennanna er.

Brýnt er að hafa í huga sönnun og hugsanleg vandkvæði um sönnun í þessu samhengi. Sérstaklega heyrir þessi röksemd gegn þeirri leið að leggja viðurlög við því að refsar fyrir kaup á vændi. Á hitt ber þó að líta að erfiðleikar við sönnun geta illa staðið sem sjálfstæð röksemd í þessum efnum. Staðreyndin er sú að í mörgum aivarlegum brotaflokkum er sönnunarstaða erfið, það á til að mynda við í flestum alvarlegustu kynferðisbrotunum, en það hefur vitaskuld ekki áhrif á það hvernig kynferðisbrotin eru skilgreind. Jafnframt er ástæða til að benda á það að vændi virðist vera félagslegt vandamál að því leyttinu til að brot á vændislöggjöfinni hafa afar sjaldan verið til meðferðar hjá dómstólum. Það hefur ekki breyst með nýlegri lagabreytingu á kynferðisbrotakaflanum.

Það er nokkuð útbreidd skoðun að vændi stafi af neyð, að minnsta kosti í flestum tilvikum. Sé þessi staðreynd lögð til grundvallar geta vandkvæði um sönnun ekki breytt því hvernig að tekið er á vændi í refsilöggjöfinni, ekki frekar en að breyta refsíabyrgð í öðrum kynferðisbrotum vegna sönnunarvandkvæða.

Landsnefnd Unifem telur brýnt að halda því til haga og að minna á, að líta verður á vændi og mansal sem tvær hliðar á sama peningi. Að sama skapi verður að hafa í huga að vændi er hluti af alþjóðlegri glæpastarfsemi, þar sem gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi. Það er engin ástæða til að ætla að hér eigi önnur lögmál við en á til að mynda á hinum Norðurlöndunum. Því er ástæða til að taka á vændi af festu og reyna að bregðast við eftirspurn á því. Besta leiðin til þess er að mati landsnefndar UNIFEM að gera kaup á vændi refsiverð að lögum. Ógемingur er að taka með markvissum hætti á mansali ef kaup á vændi eru lögleg. Þessar atvinnugreinar fléttast saman með svo augljósum hætti að baráttan gegn mansali verður aldrei annað en orðin tóm ef vændi er viðurkennt í sömu andrá.

Refsiviðurlög gegn vændi byggja á ákveðnu hagsmunamati. Vera má að einhverjir selji líkama sinn af fúsum og frjálsum vilja. Það á hins vegar sannarlega ekki við um þá sem eru seldir mansali, né um meirihluta þeirra sem stunda vændi. Til þess að sporna gegn þessu alvarlega alþjóðlega

UNIFEM á Íslandi

Miðstöð Sameinuðu þjóðanna

Laugavegur 42, 101 Reykjavík

Íceland

Sími: +354 552 6200


Fax: +354 552 6010

netfang: unifem@unifem.is

vefur: www.unifem.is

vandamáli sem mansal sannarlega er má vændislöggjöfin ekki vera til þess fallin að opna fyrir þá starfsemi eða ýta undir eftirspurn.

Fyrir hönd landsnefndar UNIFEM á Íslandi,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir". The signature is written over a horizontal line.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi

UNIFEM á Íslandi
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna
Laugavegur 42, 101 Reykjavík
Iceland

Sími: +354 552 6200
Fax: +354 552 6010
netfang: unifem@unifem.is
vefur: www.unifem.is